

Laugardaginn 6. Nóv var haldin keppni á Ytra-Lóni á Langanesi. Mótshaldari var Sverrir Möller og naut hann stuðnings fjölskyldu sinnar og nágretta við undirbúning og framkvæmd mótsins. Mótið var haldið á vegum Austurlandsdeildar Smalahundafélagsins og var öllum opið. Góð þátttaka var í mótinu og urðu úrslit sem hér segir:

Unghundar:

1. Snúlla frá Snartarstöðum 51 stig
smali: Helgi Árnason Snartarstöðum
2. Gutti frá Snartarstöðum 25 stig
smali: Úlfhildur Helgadóttir Snartarstöðum
3. Ben frá Daðastöðum 14 stig
smali: Eggert Stefánsson Laxárdal
4. Panda frá Daðastöðum 10 stig
smali: Elísabet Gunnarsdóttir Daðastöðum
5. Gáski frá Ytra-Lóni 4 stig
smali: Krzysztof Krawczyk Miðfjarðarnesi

Snúlla og Helgi voru í nokkrum sérflokkum í þessum flokki, þar sem að þau kláruðu næstum því brautina. Þau töpuðu að vísu 18 stigum að 20 mögulegum í úthlaupinu, en í öðrum liðum gekk þeim prýðilega og í rekstri töpuðu þau einungis 5 af 30 mögulegum. Þeim tókst hins vegar ekki að koma kindunum í réttina. Gutti og Úlfhildur gerðu þetta á annan hátt, þau töpuðu einungis 3 stigum í úthlaupinu og 2 fyrir það að koma kindunum af stað, en fengu svo ekki stig fyrir fleiri atriði í brautinni. Aðrir keppendur í þessum flokki voru einnig með mjög efnilega hunda, og sýndu ágæta takta þó stigagjöfin gefi kannski tilefni til þess að fólk haldi annað. En flestir keppendur í þessum flokki lentu í vandræðum vegna þess að úthlaupið var ekki nægilega gott, og því áttu hundarnir erfitt með að ná valdi á kindunum eftir það. En þarna voru finir hundar að stíga sín fyrstu skref með eigendum sínum í svona keppni og það var ánægjulegt að sjá. Mikilvægast af öllu er, að fólk taki þátt í þessu með okkur og einnig er áhugavert fyrir áhorfendur að sjá unga hunda vinna í kindum þrátt fyrir að eitthvað vanti upp á tanninguna.

B-flokkur

1. Skotta frá Daðastöðum 60 stig
smali: Elísabet Gunnarsdóttir Daðastöðum
2. Lappi frá Hriflu 34 stig
smali: Eggert Stefánsson Laxárdal
3. Gáta frá Brekku 20 stig
smali: Bogi Ingimundarson Brekku

Skotta og Lísa gerðu vel eins og þeirra er von og vísa, og töpuðu einungis 3 stigum í úthlaupinu. Í öðrum þáttum töpuðu þær lítið eitt fleiri stigum, en flestum stigum töpuðu þær í rekstrinum, eða 15 af 30 mögulegum. Lappi og Eggert töpuðu einungis tveimur stigum í úthlaupinu og 5 fyrir að koma kindunum af stað, þeir töpuðu hins vegar 12 fyrir að koma með kindurnar af 20 mögulegum, og 17 af 30 í rekstri. Þeir fengu svo ekki stig fyrir tvo síðustu þætti brautarinnar. Gáta og Bogi töpuðu 4 stigum í úthlaupi, 6 fyrir að koma kindunum af stað og 17 fyrir að koma með. Eitthvað líkaði Boga ekki krafturinn í tikinni og hætti þegar hingað var komið.

A-flokkur

1. Prins frá Daðastöðum 86 stig
smali: Sverrir Möller Ytra-Lóni
2. Lýsa frá Hafnarfirði 83 stig
smali: Þorvarður Ingimarsson Eyrarlandi
3. Mac frá Aeyl a Bryn 77 stig
smali: Þorvarður Ingimarsson Eyrarlandi
4. Dot frá Wales 74 stig
smali: Hilmar Sturluson Mósakógum
5. Dreki frá Brekku 61 stig
smali: Elísabet Gunnarsdóttir
6. Spóla frá Daðastöðum 51 stig

